

**Sp. 263. Tillaga til þingsályktunar [136. mál]**

um endurskoðun laga um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum og laga um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Bernharð Stefánsson, Ingólfur Flygenring, Guðmundur Í. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara endurskoðun á lögum um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum og á lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík, með sérstöku tilliti til þess, hverra breytinga á þessum lögum sé þörf vegna þróunar síðari ára í siglinga- og fiskveiðamálum landsmanna. Enn fremur verði athugað, hversu megi á hagkvæmastan hátt auðvelda mönnum aðgang að hæfilegu námi, er veiti réttindi til skipstjórnar á hinum stærri vélbátum. Er þess óskað, að niðurstöður umræddrar endurskoðunar og tillögur til breytinga á lögnum verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

**Greinargerð.**

Af hálfu farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi í Vestmannaeyjum hafa flm. þessarar þáttill. borizt ákveðnar óskir um, að flutt væru frumvörp til laga um breytingu laganna um atvinnu við siglingar og um stýrimannaskólann til þess að samræma þau lög betur kröfum tímans en nú er sökum þeirrar öru þróunar, sem orðin er, einkum á fiskiskipaflofanum, frá því að lög þessi voru sett.

Sivaxandi og þráfaldar beiðnir um undanþágur frá ákvæðum téðra laga vegna skorts á nauðsynlegum réttindum gera nauðsyn endurskoðunar lagaákvæðanna og athugun á breytingum til úrbóta mjög brýna.

Vegna skorts á hæfilega mörgum mönnum, er hafa réttindi til skipstjórnar á hinum sistækkandi vélbátaflota, er horfið að því, a. m. k. í sumum veiðistöðvum, að veita undanþágur frá ákvæðum laganna, og er það gert vegna þess, að ella mundi ekki unnt að halda mörgum bátanna úti. Þessi þróun málanna er mjög varhuga-verð og getur enda reynzt hættuleg öryggi skipa og skipshafna yfirleitt.

Rétt þykir — að vandlega athuguðu máli — að reyna hér þá leið til lausnar þeim vandamálum, sem fyrir hendi eru í þessum efnun, sem farin er með þessari þáttill., í stað þess að flytja frumvörp til breytinga án undangenginnar endurskoðunar laganna.

Er þess vænzt, að þeir menn, er ríkisstjórnin væntanlega skipar til endurskoðunar þeirra laga, er um ræðir, kynni sér m. a. skoðanir og óskir Farmanna- og fiskimannasambandsins, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi í Vestmannaeyjum og annarra skipstjóra- og stýrimannasamtaka í hinum stærri veiðistöðvum.

Er áriðandi, að endurskoðuninni sé hraðað og að ríkisstjórnin leggi tillögur þær, sem endurskoðunin væntanlega gefur tilefni til, fyrir næsta þing.